



Móttökuáætlun fyrir nýja íbúa af erlendum uppruna

Yfirsýn yfir nýja íbúa

Einu sinni í mánuði verða upplýsingar um nýflutta íbúa með erlent ríkisfang teknar úr íbúaskrá. Verkefnastjóri fjölmenningar heldur utan um tölurnar til að fá yfirsýni yfir fjölda nýrra íbúa í hverjum mánuði.

Fyrsta tenging við íbúa

Nýjum íbúum með erlent ríkisfang verði sent póstkort sem inniheldur upplýsingar um þjónustu sveitarfélagsins og QR kóða sem leiðir áfram á vefsíðu sveitarfélagsins þar sem hægt er að nálgast upplýsingar á ensku. Þar verður einnig að finna upplýsingar um Facebook síður sveitarfélagsins.

Grunnupplýsingum fylgt eftir

Vefur Hafnarfjarðarbæjar hefur tekið miklum framförum og eru grunnupplýsingar aðgengilegar og hægt er að þýða með þýðingarviðbót. Sérstakt svæði sem inniheldur upplýsingar sérsniðnar að nýjum íbúum „Moving to Hafnarfjörður“ er á lokametrunum.

Upplýsingafundir

Þjóða mætti uppá upplýsingafundi einu sinni á ári eða á hálfárs fresti, einnig hægt að taka upp. Einnig væri hægt að bjóða upp á rútuferðir fyrir áhugasama 1-2 á ári þar sem keyrt væri á milli helstu staða í Hafnarfirði með leiðsögn.

Eftirfylgni

Haldið utan um hve mörg póstkort fara út, umferð á vef og þess háttar. Passa sérstaklega uppá að póstkortið komist til skila til þeirra flóttamanna sem setjast að og til foreldra barna sem eru að hefja skólagöngu.

Næstu skref

Að fjallað séu um og tekið tillit til fjölbreyttrar flóru íbúa Hafnarfjarðar í stefnum sveitarfélagsins. Þá er unnið að nýrri allsherjar stefnu og mikilvægt að hún taki tillit til fjölda íbúa af erlendum uppruna.

Hafnarfjörður verði leiðandi í að bjóða starfsfólki að taka þátt í námskeiðinu „Fjölbreytnin auðgar“ þegar það fer af stað og setji sér markmið um hlutfall starfsfólks sem taka þátt.

Símenntunarstöðvarnar hafa fengið námsefnið að gjöf frá Fjölmenningarsetri en hér á höfuðborgarsvæðinu er ekki enn farið að bjóða uppá það.